

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Dagsetning tími	23. september 2022 kl. 12:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	03
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir og Gunnar Einarsson <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Ólafur Eysteinn Sigurjónsson (varamaður) <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Oddur Gunnarsson lögfræðingur og Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármála (sbr. lið 2) <u>Fjarverandi</u> : Örvar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Oddur Gunnarsson

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Fundargerð 2. fundar, 26. ágúst 2022 er borin upp og samþykkt.

Áheyrnarfulltrúar gera athugasemd við að hafa ekki aðgang að gögnum stjórnar þannig að þau hafi ekki haft möguleika á að kynna sér drög að fundargerðum fyrri funda. Ákveðið er koma til móts við þessa athugasemd með því að heimila áheyrnarfulltrúum aðgang að almennu vefsvæði stjórnar. Jafnframt verður stofnað sérstakt vefsvæði fyrir gögn sem sérstaklega verður ákveðið að aðeins stjórn skuli hafa aðgang að. Til umræðu kemur tölvupóstur frá Birgi Gunnarssyni, varamanni, um setu varamanna á stjórnarfundum. Áréttuð er ákvörðun stjórnar, sbr. starfsreglur, um að varamenn sitji ekki stjórnarfundum nema þeir séu boðaðir sérstaklega vegna forfalla stjórnarmanna.

Dagskrá

1. Skýrsla forstjóra – Runólfur Pálsson flytur skýrslu forstjóra. – Greinir m.a. frá nýrri brjóstamiðstöð sem var opnuð á Eiríksgötu 5 í gær, 22. september 2022, að viðstöddum heilbrigðisráðherra og gestum. Stjórnarmenn óska eftir að fá tilkynningar um atburði sem þessa á spítalanum þannig að þeir fái tækifæri til að mæta. – Rætt var um heilbrigðisstarfsmenn í hlutastarfi sem stunda sjálfstæðan stofurekstur á sínu sérsviði samhliða starfinu. – Til umræðu kom árangur sem náðst

hefur í nágrannalöndunum með því að sameina háskólasjúkrahús og önnur minni sjúkrahús í dreifðum byggðum. Þannig hafi m.a. tekist með sérhæfingu minni sjúkrahúsa að styrkja sérgreinar og stytta biðlista í viðkomandi heilbrigðisumdæmi. – Umræður.

Forstjóri upplýsir stjórn um að Þórunn Oddný Steinsdóttir lögfræðingur sé væntanleg til starfa um nk. mánaðarmót og að hún muni auk annarra starfa sinna fundarritun og tilfallandi verkefnum fyrir stjórn spítalans.

2. Fjármál – Ólafur Darri Andrason framkvæmdastjóri fjármála annast kynningu. – Kynntar eru upplýsingar um fjárveitingar til Landspítala samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga. Ekki er að þessu sinni gerð aðhaldskrafa til heilbrigðisstofnana. – Einnig kynnir Ólafur Darri fyrstu drög að fjárhagsáætlun spítalans vegna komandi árs. Rætt er um breytingar sem vænta má með upptöku þjónustutengdrar fjármögnunar (DRG) og samspil nýs kerfis við hefðbundnar fastar fjárveitingar. Jafnframt fjallað um fjármögnun leyfisskyldra lyfja en þau eru á sérstökum fjárlagalið. Ákveðið að ræða áætlunina nánar þegar vinna við hana verður lengra komin. – Umræður.
3. Stjórnskipulag; Niðurstöður vinnu með McKinsey – Forstjóri kynnir tillögur McKinsey að breyttu skipulagi Landspítala. – Stjórnin styður áframhaldandi vinnu á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna með það að markmiði að nýtt skipulag geti tekið gildi um næstu áramót. – Umræður.
4. Starfsáætlun stjórnar - Frestað
5. Önnur mál – Ekkert sérstakt rætt undir þessum lið.

Næsti fundur áformaður föstudaginn 21. október 2022 kl. 13:00

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:40